

Fundardagskrá TKÍ fundar fimmtudaginn 8. júlí kl. 19 í Laugardal.

Mættir: Arnar, Pétur, Inga, Richard og Helgi

1. Farið yfir stöðu mála varðandi verkefni sem stjórnarmenn dreifðu sín á milli á síðasta fundi. Sjá fundargerð síðasta fundar.

Arnar talaði við Líney um Meisam og verður í sambandi við Sigurstein, Pétur og Richard. Þeir tala við körfuboltasambandið um það. Pétur bendir á kosti þess að Meisam verði samningbundinn TKÍ. Að því gefnu að það sé gerður undirsamningur við félög til að borga framfærslu, kosið um og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Inga er að stofna facebook síðu. Vantar fleiri upplýsingar um sambandið. Arnar segir að eitthvað sé í afreksstefnu TKÍ.

Pétur talaði við Jamshid. Er til í að koma 17-19 eða 24-26 sept. Skoðað betur varðandi aðra aðila sem hugsanlega geta komið til landsins. Sjá lið 2.

Richard var búinn að skoða með auglýsinguna í bíóunum.

Er að vinna í dagskrá TKÍ fyrir haustið, á eftir að fá frá félögunum.

2. Hvaða verkefnum viljum við hrinda í framkvæmd í haust:

- a) Fyrri stjórn hafði áform um að hafa aftur æfingabúðir með Mr Jamshid og einnig poomse dómaranámskeið samhliða. Ef þetta er vel skipulagt ætti það að standa undir sér.

Pétur er til í að rukka inn og fær lánaðan posa.

Arnar talar um að vera með sparring samhliða og nýta landsliðsfólk í þær.

Inga skoðar hvort hægt sé að nota Ármannsheimilið.

- b) Heimsóknir landsliðsþjálfara ásamt 2-3 landsliðsmönnum, aðallega junior, í félögin til þess að vekja áhuga á landsliðsæfingum og U & E.

TKÍ setur sig í samband við félögin og athugar hvenær er best fyrir landsliðsþjálfara að koma.

- c) Mr Kim og fylgdarlið með sparring æfingabúðir.

Pétur athugar hvort þau geti komið í janúar-febrúar.

- d) Útbreiðslustyrkur til stofnunar nýrra félaga, t.d. á austurlandi.

Talað um að koma taekwondo á Höfn eða Egilsstaði. Arnar fór á Egilsstaði og var með æfingar og áhuginn er mikill. Inga fer á Egilsstaði og talar við fólk þar. Pétur talar við Höfn. TKÍ vil endilega koma taekwondo að hvar sem er en þarf fólk sem getur tekið það að sér á staðnum.

- e) Bíóauglýsingar, er þetta áhugavert og þá hvernig og hvenær?

Rikki talar við bíóin og reynir að fá tilboð, budget 300þ. Er hægt að prenta auglýsingu á miðanum?

- f) Búnaður til að klára dómaraþrógramið.
Búið að samþykkja.
- g) Búnaður fyrir landsliðið, var rætt á síðast fundi, er aðeins hér til upprifjunar.
Búið að samþykkja.
- h) Chloe Bruce. Við erum að tala um bardagalistastjörnu sem er tilbúin að koma hingað.
Pétur athugar hvort hún geti komið um miðjan október.

- i) Þjálfaranámskeið. Sigursteinn sendi þetta á fyrri stjórn. Væri einhver til í að finna þetta og senda á alla til upprifjunar.
Pétur og Arnar skoða nánar.

3. Nefndir: Kíkja yfir stöðu mála.

Beltaprófsnefnd. Tillaga: Félög tilnefna einn í nefndina, lágmark svart belt. Skoða betur.

4. Taekwondo útilega.

Verður haldin 16-18 júlí þar sem öllum taekwondo iðkendum og fjölskyldum þeirra er boðið. Taekwondo deild Selfoss heldur útileiguna og biður um aðstoð TKÍ fjárhagslega ef til þess kæmi að þátttaka væri ónóg. TKÍ mun hjálpa til við að kynna, en ekki með fjárframlögum.

5. Tillaga Helga að Poomse-móts auglýsingu.

6. Önnur mál.

Arnar talar við Erling um heimasíðuna og upplýsingar á henni.

Pétur talar við Levy og Sigurstein varðandi greiðslu fyrir dómara á mótunum.